STJÓRNARTÍÐINDI A 11 — 1972

BRÁÐABIRGÐALÖG
um tímabundnar efnahagsráðstafanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að ef svo fer fram, sem nú horfir í verðlags- og kaupgjaldsmálum, séu í vændum verulegar víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds, sem stefnt geti afkomu atvinnuvega, atvinnuöryggi og þar með hag allra landsmanna í hættu. Beri því brýna nauðsyn til að koma í veg fyrir slíka þróun, fá aukið svigrúm til að kanna rækilega allar aðstæður og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar, og undirbúa varanlegri úrræði.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Leyfi til verðhækkunar á vöru og þjónustu samkvæmt 1.—3. málsgr. ákvæða til bráðabirgða í 2. gr. laga nr. 94/1971, um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54/1960, skulu því aðeins veitt, að allir viðstaddir nefndarmenn (þar með varamenn) greiði þeim atkvæði.

Ákvæði fyrri málsgr. þessarar gr. gildir til 31. desember 1972.

2. gr.

Fjölskyldubætur skulu á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 1972 vera 5.500 kr. með hverju barni í stað 4.000 kr., samkvæmt 26. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

3. gr.

Ríkisstjórnin eykur niðurgreiðslu vöruverðs sem svarar 1½ stigi í kaupgreiðsluvísitölu frá og með gildistöku þessara laga.

4. gr.

Samningum þeim, sem fram eiga að fara fyrir 1. september 1972 samkvæmt lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl., um nýjan verðlagsgrundvöll og breyttan vinnslu- og dreifingarkostnað búvöru, skal frestað um 4 mánuði. Skulu nýir verðlagssamningar þá gilda til ágústloka 1973. Framreikningur gildandi verðlagsgrundvallar og verðbreytingar vegna breytts vinnslu- og dreifingarkostnaðar skulu fara eftir þeim reglum og venjum, sem gilda þar um.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1972 (lög nr. 101/1971), er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim allt að 400 millj. kr. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir í öðrum lögum en fjárlögum.

A 28

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Á tímabilinu 1. september til ársloka 1972 skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu 117 stig, sjá þó 2. málsgr. þessarar gr.

Ef framfærsluvísitala 1. ágúst 1972 verður meira en 2½ stigi í kaupgreiðsluvísitölu hærri en framfærsluvísitala 1. maí 1972 — auk þeirrar hækkunar, er eigi skal verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, sbr. og fyrri málsgr. 8. gr. — þá skal verðlagsuppbót tímabilsins 1. september til 30. nóvember 1972 vera 17%, að viðbættri nefndri hækkun umfram 2½ stig. Sama gildir um útreikning verðlagsuppbótar frá 1. desember 1972, ef framfærsluvísitala 1. nóvember 1972 verður meira en 2½ stigi í kaupgreiðsluvísitölu hærri en framfærsluvísitala 1. maí 1972, að viðbættri þeirri hækkun, er varð 1. ágúst 1972 og eigi var verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga.

7. gr.

Nú ákveður ríkisstjórnin að auka niðurgreiðslu vöruverðs frá 1. september eða 1. desember 1972, og skal þá við útreikning þann, er um ræðir í 2. málsgr. 6. gr., ef til kemur, miða við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum, að frádreginni þeirri verðlækkun, er slík aukin niðurgreiðsla veldur. Ríkisstjórnin tilkynnir Kauplagsnefnd með minnst tveggja vikna fyrirvara um þá niðurgreiðsluaukningu, sem hún kann að ákveða frá 1. september eða 1. desember 1972.

8. gr.

Við útreikning verðlagsuppbótar, ef til kemur, sbr. 2. málsgr. 6. gr., skal eigi taka tillit til þeirrar hækkunar á búvöruverði til framleiðenda, sem leiðir af hækkun á vinnulið verðlagsgrundvallar, annað hvort vegna grunnlaunahækkunar eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun. Gildir þetta eins þótt slík hækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess, að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti.

Hækkun sú, er verður á búvöruverði til framleiðenda við haustverðlagningu 1972 og eigi skal verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga (sbr. 2. málsgr. 6. gr.), skal fyrst tekin til greina, þá er kaupgreiðsluvísitala verður reiknuð fyrir tímabilið 1. marz til 31. maí 1973.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 11. júlí 1972.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Stjórnartíðindi A 11, nr. 87. Útgáfudagur 11. júlí 1972.